

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð
Efni: Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf í mars 2023
Dags: 16. febrúar 2023
Málsnúmer: 202301251/2.25
Sendandi: Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki eftirfarandi:

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Um er að ræða langtímalán kr. 800.000.000, með lokagjalddaga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála sem liggja fyrir á fundinum í lánsamningi nr. 2303_12.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standi tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.


Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir sveitarfélagsins og endurfjármögnun afborgana eldri lána sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Regínu Ásvaldsdóttur, bærstjóra Mosfellsbæjar, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Mosfellsbæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Greinargerð:

Í sjóðstreymisyfirliti fjárhagsáætlunar Mosfellsbæjar fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir að Eignasjóður taki langtímalán að fjárhæð 2100 m.kr. sem er ætlað að fjármagna framkvæmdir ársins og endurfjármagna afborganir eldri lána eins og tiltekið er í sjóðstreymisyfirliti fjárhagsáætlunar ársins. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. hefur veitt Mosfellsbæ vilyrði fyrir 2100 m.kr. langtímaláni á þessu ári.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. býður bænum nú 800 m.kr. langtímalán með jöfnum afborgunum til 16 ára, með lokagjalddaga 20. febrúar 2039, verðtryggt með 3,15% vöxtum. Vaxtakjör miðast við útboð sem sjóðurinn hafði um miðjan febrúar. Á mynd má sjá þróun vaxtakjara á lánum sem Mosfellsbær hefur tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga síðastliðin ár.



Í samræmi við lántökuáætlun ársins er lagt til að Mosfellsbær taki 800 m.kr. langtímalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. í samræmi við meðfylgjandi lánessamning.

Virðingarfyllst,

Pétur Jens Lockton,
fjármálastjóri

Fylgiskjal:

1. Lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga ohf